

Sp.

582. Tillaga til þingsályktunar

[286. mál]

um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis.

Skal hliðsjón höfð af sambærilegri löggjöf annarra þjóðþinga á Norðurlöndum. Frumvarp þessa efnis skal lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Á liðnum árum hefur þeirri skoðun margoft verið hreyft, að nauðsynlegt væri að setja löggjöf um sérstakan umboðsmann Alþingis. Tilgangurinn með slíkri embættisskipan á að vera skilyrðislaus möguleiki þegnanna til þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi jafnt yfir alla einstaklinga þess. Verður í því efni ekki gerður mismunur á þeim hlunnindum, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, né þeim skyldum, sem á þá eru lagðar, sem og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Þessu máli hefur margoft verið hreyft hér á landi. Má t. d. nefna af því, sem flm. þessarar þáttill. hefur kynnt sér, fróðlega tímaritsgrein í Stefni, málgagni sambands ungra sjálfstæðismanna, veturinn 1964—65, eftir Hörð Einarsson hdl., og erindi, sem prófessor Ólafur Jóhannesson flutti á fundi Orators, félags lögfræðinema, þann 25. apríl 1966. Enn fremur greinargerð Kristjáns Thorlacius, formanns B.S.R.B., þáverandi varaþingmanns Framsóknarflokksins, er hann flutti ásamt fleiri þingmönnum till. til þál. um þetta mál. Fjallaði tillaga hans um nefndarskipan til athugunar á málinu og var fyrst flutt á þinginu 1964—65 og endurflutt 1966 og 1967, þegar hann átti sæti um stuttan tíma, hverju sinni, á Alþingi.

Að flutningur svipaðrar þingsályktunartilögu er nú tekinn upp af þingmanni Sjálfstæðisflokksins, stafar m. a. af eftirfarandi:

1. Löggjöf grannþjóða okkar um umboðsmann þjóðþinganna hefur verið í gildi um langt árabíl. Á þessu tímabili hafa auk dýrmætrar og jákvæðrar reynslu ýmsir vankantar komið í ljós, er leitt hafa til þýðingarmikilla breytinga nú á allra síðustu árum (Noregi 1. jan. 1969).
2. Ýmsir þeir atburðir hafa gerzt fyrr og síðar, sérstaklega í samskiptum einstaklinga við embættismenn og starfsmenn bæjar- og ríkisstofnana, sem kalla á slíka löggjöf.
3. Sá alpm., sem fyrstur hreyfði máli þessu á Alþingi í tillöguformi, virðist ekki eiga afturkvæmt til þings fyrir Framsóknarflokkinn, a. m. k. fyrst um sinn.
4. Meðflutningsmenn Kristjáns Thorlacius að framangreindri tillögu, þeir Eysteinn Jónsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Bjarni Guðbjörnsson og Einar Ágústsson, á árinu 1967 (sbr. 40. mál, 88. löggjafarþing), hafa ekki séð ástæðu til að taka þetta mál upp síðar.
5. Flm. þessarar till. telur, að tímabært sé að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um embætti þetta og treysta með því frekari rétt einstaklingsins í þjóðfélagi okkar.

Nánar í framsögu.